

**193. fundur Velferðar- og mannréttindaráðs, haldinn í Lindinni Dalbraut 4, þriðjudaginn 6. desember 2022 og hófst hann kl. 16:00.**

**Fundinn sátu:**

Kristinn Hallur Sveinsson formaður, Einar Brandsson varaformaður, Aníta Eir Einarsdóttir aðalmaður, Sveinborg Kristjánsdóttir félagsmálastjóri og Laufey Jónsdóttir verkefnisstjóri heimabjónustu.

**Fundargerð ritaði:** Sveinborg Kristjánsdóttir, Sviðsstjóri velferðar- og mannréttindasviðs.

**Fyrir tekið:**

**1. 2201071 - Kalmansvellir 5 - áhaldahús, Fjöliðja vinnuhluti og Búkolla - Uppbygging á húsnæði**

Kynning á nýju húsnæði fyrir Búkollu, flöskumóttöku og áhaldahús.

*Einar Brandsson kynnti stöðuna á nýju húsnæði fyrir Búkollu, flöskumóttöku og áhaldahús að Kalmannsvöllum 5. Velferðar- og mannréttindaráð vísar málinu til kynningar í notendaráði um málefni fatlaðs fólks á Akranesi. Velferðar- og mannréttindaráð þakkar fyrir góða kynningu.*

**2. 2209282 - Samræmd móttaka flóttafólks**

Umræða um að Akraneskaupstaður óski eftir taka þátt í samræmdri móttöku flóttafólks.

*Velferðar- og mannréttindaráð óskar eftir kynningu frá félags- og vinnumarkaðsráðuneyti um þátttöku ríkisins í kostnaði vegna móttöku flóttafólks fyrir ráðið og bæjarstjórn.*

**Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 18:00.**

Kristinn H. Sveinsson

Aníta Eir Einarsdóttir

Einar Brandsson

Laufey Jónsdóttir

Sveinborg Kristjánsdóttir